

## Dagskrá Kvæðamannafélagsins Iðunnar vorið 2016

Í vor verða kvæðalagaæfingar og félagsfundir á þessa leið:

Kvæðalagaæfingar	Félagsfundir
6. janúar	8. janúar
3. febrúar	5. febrúar
5. mars*	4. mars - Aðalfundur
6. apríl	8. apríl
4. maí	6. maí

Allir félagsfundir hefjast stundvíslega kl. 20:00 og lýkur kl. 22:30.  
\*Vakin er athygli á að kvæðalagaæfingarnar verða á miðvikudögum að venju og hefjast klukkan 19:00, ef frá er talin æfingin í mars, en þá verður æfingin á laugardegi, þann 5. mars kl. 14:00. Verður hún fyrir fjölskyldufólk með börn og alla sem vilja koma. Þá verða kveðnar og kenndar ýmsar barnagælur.

Félagar eru hvattir til að mæta á sem flesta fundi og ekki gleyma æfingunum því þar geta menn kynnst betur innviðum félagsins og sögu. Einnig eru félagar hvattir til að taka með sér gesti, bæði á fundi og æfingar, því fundir Iðunnar eru öllum opnir. Starfsemi félagsins fer fram í Gerðubergi.

Heiðmerkurgleði félagsins verður haldin mánudaginn 15. júní.

## Kvæðakvöld Iðunnar 2016

Kvæðakvöld á Kaffi Rósenberg 19. janúar kl. 20:00.

Kvæðamannafélagið Iðunn stendur fyrir skemmtidagskrá þar sem fram koma ýmsir kvæðamenn Iðunnar og munu þeir kveða nýtt og eldra efni. Auk þess verða flutt gamanmál í bundnu og óbundnu máli og hlutavelta verður haldin með mörgum góðum vinningum.

Aðgangseyrir er 1.000 kr.

Athugið að enginn posi verður á staðnum, einungis hægt að greiða með reiðufé. Allur ágóði rennur í ferðasjóð Iðunnarfélaga sem fara á landsmót kvæðamanna sem verður haldið á Egilsstöðum 22.-24. apríl.



# FRÉTTABLAÐ IÐUNNAR

123. tölublað – 36. árgangur  
Útgefandi: Kvæðamannafélagið Iðunn

Desember 2015  
Ábm: Bára Grímsdóttir

## Jólahugvekja 2015

### Sólin blessuð

Sólin blessuð sígur rauð til viðar,  
glóa á lofti gullin ský,  
grátklökk áin niðar.

Haustið nálgast, hrið og vetrarrosinn,  
senn er ekki sólar von,  
senn er áin frosin.

Svo orti Stefán frá Hvítadal. Ég hef undanfarinn áratug tekið þátt í flutningi þessa texta með Steindóri Andersen og strengjasveitum víða um heim og upplifað hvað „íslenski blúsinn“ talar beint til fólks. Við Steindór höfum haft það undarlega hlutskipti að útskýra íslenskt haust og vetur fyrir íbúum suður Evrópu og hvernig „ylur minninganna“ hefur haldið lífi í íslenskri þjóð í hundruðir ára. Það er sérkennilegt að vera fulltrúi vetrarríkissins í lendum þar sem snjór er yfirleitt hugtak en ekki veruleiki; stuttar kynningar okkar og endursagnir virðast oft í upphafi falla á grýtta ( og sólþurrkaða ) jörð en táknmálið um myrkur og kulda og þráin eftir birtu og hlýju talar til allra. Ég hef oft vitnað í undirstöðurit Jóns Hnefils Aðalsteinssonar, Blót í norrænum sið, þar sem hann rekur sóldýrkun á Norðurlöndum frá bronsaldarristum yfir í sólarcaffi Ísafirðinga og einatt þekkir fólk hliðstæð dæmi úr sínu eigin umhverfi og sögu.

Framhald á næstu blaðsíðu.

## Jólahugvekja framhald

Öll erum við mannanna börn sólarinnis. Í Landnámabók er fögur sögn þar sem segir um Þorkel Mána Þorsteinsson: „Hann lét bera sik í sólargeisla í helsótt sinni ok fal sik á hendi þeim guði, er sólina hafði skapat; hann hafði ok lifat svá hreinliga sem þeir kristnir menn, er bezt eru siðaðir“ (ÍF I, 47). Við Steindór endum oft tónleika á hinu vongóða blúskvæði Þorsteins Erlingssonar:

En ef létt er lundin þín,  
loftið hjart og næði;  
sestu þar sem sólin skín,  
syngdu lítið kvæði.

Það er líkt og yllur í  
ómi sumra braga;  
mér hefur hlýnað mest á því  
marga kalda daga.

*Hilmar Örn Hilmarsson.*



*Stjórn Þóunnar sendir félagsmönnum bestu óskir  
um glédileg jól, gott og farsælt nýtt ár.*

## Vetrarvísur

Geisli smár um loftið læddist,  
lágrestur og magur.  
Nýr þegar af nóttu fæddist  
næsta fögur dagur.

*Sigrún Haraldsdóttir*

Svona eins og endranær  
ýmsa visku maður fær,  
mér er alveg eiður sær,  
úrín frýs við mínus tvær.

*Jón Ingvar Jónsson*

Frerablómin blómstra dátt  
blöðin kuldinn skerpir.  
Hafnarfjallið fölt og grátt  
fötin að sér herpir.

Élin lemja kalda kinn  
kalt er nef og haka.  
Veðrið ælir enn um sinn  
ís og blautum klaka.

*Höskuldur Búi*

Hrímuð vakan hryglugrá  
herðir tak á grundum,  
emja nakin ilustrá  
úti á klakasundum.

Vetur ræsir vætutið,  
veldur þræsings háttum.  
Válegt æsist veðrastríð,  
vindar hvæsa í gáttum.

*Sigmundur Benediktsson*

Vott af frosti vel má þola,  
veðurguð er þiður  
og Vetur kóngur kuldabola  
klaufalega riður.

*Helgi Zimsen*

Óttan fer um hauður hljóð  
himins stjörnur ljóma.  
Fýkur mjöll um freðna slóð  
fold er keyrð í dróma.

Nóttin á sín norðurljós  
nístir kuldabitra.  
Á glugga hímir hélurós  
og hrímföf stráin glitra.

Fellur mjöll á freðna grund  
frostið bitur vanga.  
Vekur drunga, veikir lund  
vetrartíðin stranga.

*Ingólfur Ómar Ármannsson*

## Þegar IKEA geitin brann

Í Garðabæ var geit með hornabogum,  
og gríðarflottum ljósum skreytt hún var.  
Fyrr en varði stóð í ljósum logum;  
nú loksins geta jólin byrjað þar.

*Sigurlín Hermannsdóttir*

Desember nú dimmur er  
daufleg gerist sólin.  
Myrkur hér þó mildast fer  
maður sér í jólin.

*Helgi Zimsen*